

Ed.

635. Frumvarp

til laga um heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905.

(Eftir 3. umr. i Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að auka seðlaupphæð þá, er Íslandsbanki má gefa út samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóvember 1905, 4. gr., svo sem viðskiftapörfin krefur að dómi landsstjórnarinnar. Þessa viðbót við seðlaútgáfuna má þó því að eins leyfa, að:

1. að minsta kosti helmingur forðans til tryggingar seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti og fer fram úr $2\frac{1}{2}$ miljón króna, sje málmforði, samkvæmt 5. gr. nefndra laga.
2. bankinn við lok hvers mánaðar greiði vexti, 2% á ári, af upphæð þeirri, er seðlaupphæð sú, sem úti er í mánaðarlok, fer fram úr $2\frac{1}{2}$ miljón króna og málmforðinn nægir ekki til.
3. bankinn greiði ókeypis og eftir þörfum í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða símskeyti, fjárhæðir, sem Landsbankinn borgar inn í reikning Íslandsbanka við viðskiftabanka hans í Kaupmannahöfn, og flytji á sama hátt og ókeypis það fje, sem Landsbankinn þarf að flytja frá Reykjavík til Kaupmannahafnar, að svo miklu leyti sem innieign Íslandsbanka þar leyfir.

2. gr.

Bankanum er skylt, að viðlögðum missi seðlaútgáfurjettar sins, að innleysa alla þá seðla, er hann hefir gefið út samkvæmt lögum þessum, jafn-skjótt og landsstjórnin eða löggjafarvaldið krefst þess, og með þeim fyrirvara, er settur verður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1918 og gilda til 1. maí 1921.